# AÐALFUNDUR ARION BANKA 2018

## EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR ARION BANKA Á AÐALFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR FIMMTUDAGINN 15. MARS 2018:

**Brynjólfur Bjarnason.** Brynjólfur er fæddur árið 1946. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 20. nóvember 2014. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Brynjólfur útskrifaðist með Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1971 og með MBA-gráðu frá University of Minnesota árið 1973. Brynjólfur hefur m.a. starfað sem framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, forstjóri Skipta, forstjóri Símans og forstjóri Granda hf. Í dag einbeitir Brynjólfur sér að stjórnarsetu og situr í stjórn Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur, Ferguson ehf., ÍSAL hf., Invent Invest ehf., Marinvest ehf. og ÞKJ ehf.

**Eva Cederbalk.** Eva er sænsk og er fædd árið 1952. Eva var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 23. júní 2017. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Eva er með meistaragráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics. Eva er forstjóri Cederbalk Consulting AB. Eva starfaði áður m.a. hjá Skandinaviska Enskilda Banken AB, If Skadeförsäkring AB, var forstjóri Netgiro Systems AB og SBAB Bank AB og framkvæmdastjóri hjá Dial Försäkring AB. Eva hefur setið í fjölmörgum stjórnum og var m.a. stjórnarformaður Klarna AB og sat í stjórn Gimi og Íslandsbanka. Í dag situr Eva m.a. í stjórn Bilia AB, National Bank of Greece Group, Svolder og Ikano Group S.A.

**Herdís Dröfn Fjeldsted.** Herdís er fædd árið 1971. Herdís er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Herdís útskrifaðist með BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðlega markaðssetningu úr Tækniháskóla Íslands árið 2004 og með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Herdís starfaði sem sérfræðingur í fjárfestingaráðgjöf hjá Thule Investments á árunum 2004-2010. Herdís hefur einnig setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja m.a. VÍS hf., Invent Farma, Promens og Icelandair Group. Í dag starfar Herdís sem forstjóri Framtakssjóðs Íslands ásamt því að vera stjórnarformaður Icelandic Group og sitja í stjórn Íslensk-kanadíska viðskiptaráðsins.

**Jakob Már Ásmundsson.** Jakob er fæddur árið 1975. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á aðalfundi 9. mars 2017. Jakob er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Jakob útskrifaðist með BS-gráðu í iðnaðar- og vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998, MA-gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Illinois árið 2000 og PhD-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Purdue University árið 2002. Jakob starfaði áður m.a. hjá Straumi fjárfestingarbanka, ALMC hf., Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka, KB banka og Intel Corporation. Í dag starfar Jakob sem lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, situr í stjórn Solid Clouds ehf. og Jakás ehf. og situr í prófnefnd verðbréfaviðskipta.

**John Philip Madden.** John er fæddur árið 1973 og er með breskan og bandarískan ríkisborgararétt. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi bankans þann 15. september 2016. John er ekki hluthafi í bankanum og er háður frambjóðandi. John útskrifaðist með BA gráðu í hagfræði frá Williams College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1996. John starfar sem framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi ehf. sem á meirihluta hlutafjár í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt, Kaupskil ehf. John hefur jafnframt starfað hjá BC Partners, Arcapita Limited og Lehman Brothers. John situr í stjórn Fairhold Securitisation Limited og Noreco.

**Måns Höglund.** Måns er sænskur og er fæddur árið 1951. Hann var fyrst kjörinn sem aðalmaður í stjórn Arion banka á aðalfundi 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Måns útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1975. Måns hefur m.a. starfað hjá Swedish Export Credit Corporation (SEK), Unibank, Nordea, Swedbank, Götabanken í London og Hambros Bank í London.

**Steinunn Kristín Þórðardóttir.** Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Steinunn er með MBA gráðu frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórnmálafræði frá University of South Carolina. Steinunn starfaði áður hjá Beringer Finance í Noregi, auk þess að stofna ráðgjafafyrirtækið Akton AS þar sem hún var framkvæmdastjóri til 2015. Fyrir það starfaði Steinunn hjá Íslandsbanka (síðar Glitni) sem forstöðumaður alþjóðalánveitinga og síðar sem framkvæmdastjóri bankans í Bretlandi. Steinunn hefur setið í stjórnum ýmissa félaga, m.a. Silver Green AS, Silver Green TC AS, Versobank AS í Eistlandi, Bankasýslu

ríkisins og Kredittbanken, síðar Glitnir Norway. Steinunn situr í stjórn Cloud Insurance AS, Acton Capital AS, Akton AS, Bresk-íslenska viðskiptaráðsins og er varaformaður í Norsk-íslenska viðskiptaráðinu.

## EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL VARAMANNA Í STJÓRN BANKANS:

**Ólafur Örn Svansson.** Ólafur er fæddur árið 1972 og var fyrst kjörinn sem varamaður í stjórn bankans á aðalfundi 21. mars 2013. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Ólafur útskrifaðist sem Cand.jur. árið 2000 frá Háskóla Íslands. Ólafur starfaði áður hjá Lögmönnum Klapparstíg og starfar í dag sem lögmaður og er meðeigandi í Forum Lögmönnum og Tort.

**Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir.** Sigurbjörg er fædd árið 1970 og var fyrst kjörin sem varamaður í stjórn bankans á aðalfundi 20. mars 2014. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Sigurbjörg útskrifaðist sem Cand.jur. árið 1996 frá Háskóla Íslands og lauk MA-gráðu í lögfræði frá Cambridge University árið 1997. Sigurbjörg starfaði áður hjá Innanríkisráðuneytinu og starfar í dag hjá NATO. Hún situr jafnframt í stjórn Videntifier.

**Þórarinn Þorgeirsson.** Þórarinn er fæddur árið 1974 og var fyrst kjörinn sem varamaður í stjórn bankans á hlutahafafundi 30. nóvember 2017. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er háður frambjóðandi. Þórarinn útskrifaðist sem Cand.jur. árið 2000 frá Háskóla Íslands og starfaði áður m.a. hjá Investum ehf., Askar Capital hf. og Lex lögmannstofu. Þórarinn starfar í dag sem framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi ehf., sem er meirihlutaeigandi bankans í gegnum dótturfélag sitt, Kaupskil ehf.